



Dagsetning: 12. maí 2023
Málsnúmer: 2305103/8.6

Til íþróttta- og tómstundaneftndar

MINNISBLAÐ

Í febrúar 2023 var opnunartími íþróttamiðstöðva Norðfjarðar, Eskifjarðar og Reyðarfjarðar stytur um eina klukkustund að morgni til. Opnunin var breytt þannig að í staðinn fyrir opnun frá 6 á morgnanna þá færast opnun yfir til 7 á morgnanna án annara breytinga (engin breyting á hvenær þær loka) vegna áherslu bæjarráðs um hagræðingu í launakostnaði (sjá mál 2209208). Vegna þessara breytinga þá minnkaði þjónustustigið fyrir þá sem vilja mæta snemma í líkamsrækt og myndaði töluverða samfélagslega óánægju.

Til þess að leysa það vandamál leggur deildarstjóri til að notast verði við rafræna aðgangsstýringu utan opnunartíma fyrir líkamsræktir Fjarðabyggðar. Gæti það nýst mörgum íbúum þar sem margir vinna vaktavinnu allan sólarhinginn.

Deildarstjóri leggur til að keyptir verða þrír lesarhusar sem tengjast við núverandi aðgangsstýrikerfi Skidata fyrir utan íþróttamiðstöð Norðfjarðar, Eskifjarðar og Reyðarfjarðar svo viðskiptavinir komist í líkamsrækt utan opnunartíma eins og þekkist annarstaðar á landinu.

Lagt er til að viðskiptavinir kæmst í líkamsrækt frá fimm að morgni til miðnættis sem gæti leitt til aukningu á sölu líkamsræktarkorta. Með þessu erum við að ná að auka þjónustustigið fyrir þá sem vilja æfa snemma á morgna og seint að kvöldi til án aukins launakostnaðar.

Til er fjármagn hjá þessum þrem íþróttamiðstöðvum uppá 1.300.000 en heildarkostnaður er áætlaður 2.386.400 til þess að koma upp rafrænu aðgengi á þessa þrjá staði.

Vegna þess er óskað eftir aukafjármagni uppá 1.086.400 svo hægt sé að klára þetta verkefni.

	Verð	Fjöldi	Samtals
Lesarhusar	3	458.800	1.376.400
Lás	40.000	3	120.000
Hlíf	30.000	3	90.000
Lögfræðikostnaður			100.000
Efni			150.000
Vinna			550.000
		Samtals	2.386.400
Fjárhagur til staðar	Norðfj.	Eskifj.	Reyðarfj.
	800.000	350.000	150.000
		Samtals	1.300.000
		Mismunur	1.086.400



Magnús Árni Gunnarsson

Deildarstjóri

